
BÍÐI BLAÐ

12. árg. des. 1990 2. tbl.

ÍÐJUNJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

DUX



BETRI SVEFN BETRI SLÖKUN

Í dag eru allir helstu fagmenn á þessu sviði á sama máli og DUX:

Fyrirmyndardýnan á að hafa mjúkt efra lag og hart neðra lag, þannig að hryggurinn hvílir alltaf í eðlilegri stellingu.

DUX hefur ávallt framleitt dýnur í samræmi við þessa reglu.

En það er fyrst með tækniframförum nútímans, sem tekist hefur að sanna að DUX-reglan býður upp á einstæðan svefn og betri slökun.

Á Karolinska sjúkrahúsinu í Stokkhólmi hefur umfangsmiklum rannsóknagögnum verið safnað saman. Í þeim kemur hvað eftir annað í ljós að DUX-dýnan ber af öðrum.

Leyndardómur DUX-dýnunnar felst í tvöfaldri fjöðrun úr sérstöku stáli.

Harður neðri hlutinn tryggir djúpfjöðrun og tekur á móti öflugum hreyfingum.

Efri hlutinn, sem er mýkri, gefur eftir þar sem hann verður fyrir þrýstingi og lagar sig þannig að líkamanum. Hann lætur undan þrýstingi frá öxlum og mjóðmum, en styður þægilega við mitti og fótlegg.

Meira en 1000 gormar eru til taks að bregðast við sérhverri hreyfingu líkamans.

Með tilliti til gæða er Dux einnig öðrum dýnum fremri. Sérhver hlutur er valinn af kostgæfni með hliðsjón af því hlutverki, sem honum er ætlað. Dýurnar gangast undir prófanir, sem jafngilda meira en tuttugu ára tillitslausri notkun.

STÆRÐIR Á DÝNUM:

90 × 2	140 × 2
105 × 2	165 × 2
120 × 2	90 × 210



HRINGID Í
2 75 60

...og við sendum þér að kostnaðarlausu nákvæmar upplýsingar um betri og dýpri svefn í sænsku DUX heilsurúmi



Faxafeni 7
Sími 689950 POST BOX: 8953 Reykjavík

ÞJÓÐJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

BLAÐIÐ

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ
s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

RAFDRIFNIR OG RAFSTILLANLEGIR HJÓLASTÓLAR

VELA, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

PERMOBIL, úti- og inni-rafmagnshjólastólar, (ný hönnun).

HJÓLASTÓLALYFTUR FYRIR BÍLA, PALLALYFTUR

INTERBILITY, hjólastólalyftur fyrir bíla.

ÞJÁLFUNARLEIKFÖNG - SÉRBÚIN LEIKTÆKI

TFH, leikföng, rofar, þjálfunartæki, rólur, reiðhjól o.fl.

ROMPA, leikföng, þjálfunartæki, dýnur, rólur, trambolin o.fl.

TECH TOYS leikföng, rofar, ljósabox.

(pantið nýjustu bæklingana og fáið verðupplýsingar)

TÆKI FYRIR IÐJUÞJÁLFUN OG ÝMIS HJÁLPARTÆKI FYRIR HEIMILISSTÖRF

NOTTINGHAM REHAB, úrval hjálpartækja og búnaðar fyrir iðjuþjálfun.

(pantið nýjasta bæklinginn og fáið verðupplýsingar)

BAÐLYFTUR - BAÐKÖR

PARKER BATH veltibaðkör fyrir heimahús og stofnanir.

LYFTUR Í BAÐKÖR frá ýmsum aðilum.

VELA

Fellsási 7 - 270 Mosfellsbæ
s. 666110 - fax 667710

Sérverslun með tæki og húsgögn fyrir hreyfihamlaða

Opið frá 9-12 f.h. alla virka daga.

Hringið og fáið bæklinga, upplýsingar um verð og afgreiðslutíma.

HÚSGÖGN

VELA vinnustólar:

Margar staðlaðar gerðir vinnustóla og rafmagnsstóla, sérsmíði.

ROPOX vinnuborð, þjálfunartæki, baðborð, eldhús:

Margar staðlaðar gerðir hæðarstillanlegra borða og tækja.

COMPETANCE eldhúsinnréttingar fyrir hreyfihamlaða.

ACCO vörur:

Margar gerðir af borðum fyrir tölvur og prentara.

Ódýr og léttbyggð.

CROYDEX stólar til að hlífa baki í garðvinnu.

TJÁSKIPTATÆKI - UMHVERFISSTJÓRNUN TÖLVUR OG TÖLVUSTJÓRNUN

GEWA, tjáskiptatæki, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun, rofar.

GEWA & TÖRMAX hurðaopnunarbúnaður með fjarstýringu.

TASH, rofar og tölvustjórnun.

POSSUM, rofar og tölvustjórnun.

TFH, rofar.

PERMOBIL, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

PIKOSYSTEMS, tölvustjórnun, umhverfisstjórnun.

ERGO-REST hvíldararmar fyrir framhandleggi og axlir.

BLAÐA OG BÓKAFLETTARAR

QED, blaða- og bókaflöttarar fyrir íslensk dagblöð, flestar bækur og tímarit.

GEWA, blaða- og bókaflöttarar.

POSSUM, blaða- og bókaflöttarar.

ÍÐJUBJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

Pósthólf 8845

128 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun h.f.
Lágmúla 7, 108 Reykjavík

RITNEFND: Elín Hannesdóttir
Gerður Gústavsdóttir
Helga Guðjónsdóttir
Unnur Jóhannesdóttir

STJÓRN ÍÍ: Hope Knútsson formaður
Rannveig Baldursdóttir varaformaður
Valrós Sigurbjörnsdóttir gjaldkeri
Sigrún Garðarsdóttir ritari
Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir stj.meðlimur
Kristjana Fenger varamaður
Anna Guðrún Arnardóttir varamaður

	Bls.
EFNISYFIRLIT: Íðjubjálfun	7
Tífunda heimsráðstefna íðjubjálfa	21
Sjálfstæður atvinnurekstur	23
Af norrænni öldrunarráðstefnu	24
REUMA 89	25
Bréf frá íðjubjálfanemum	27
Nordisk nýtt frá Íslandi	29
Fréttatilkynning	30
Fréttir frá vinnustöðum	32
Lausar stöður	33
Félagatal	34




MARGIR VERJA ÞRÍÐJUNGI ÆVI SINNAR Á LYSTADÚN

Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir því að þeir sofa einn þriðja hluta ævi sinnar. En svefn og svefn er ekki það sama. Svefn í rúmi sem ekki hæfir þér getur orðið til þess að þú vaknir þreytt(ur) á hverjum morgni án þess að þú gerir þér grein fyrir því.

Hvöldin er jafn nauðsynleg og góð hreyfing.

Þér finnst sjálfsgætt að fara vel með þig, byggja þig upp fyrir átök daglega lífsins og vera í góðu formi. Sumir synda á hverjum morgni, aðrir hlaupa eða stunda leikfimi. Allflestir gera sér grein fyrir nauðsyn réttar hvíldar og góðs mataræðis. Góð vinnuaðstaða, - stólar, borð og tæki eru líka sjálfsgættir hlutir.



En hvað þá með helsta hvíldarstaðinn - rúmið þitt?

Allir sérfræðingar eru sammála um að rúmið verði að vera sannkallaður hvíldarstaður, en dýnan verður að hafa þér, þyngd þinni og stærð. Þess vegna er mjög mikilvægt að dýnan þín sé rétt upp byggð og með réttum rúmbotni. Þar kemur LATEX dýnan til hjálpar. LATEX dýnurnar frá Lystadún uppfylla allar þær kröfur sem fólk gerir um góðar dýnur. LATEX er unnið úr náttúrulegum efnum og í LATEX dýnum eru þúsundir holrúma sem gera lofti kleift að leika um þær og halda þannig líkamshita jafnari.

LATEX - lausn á tímum endurmats


Láttu ekki óheppilega rúmdýnu valda þér óþægindum stóran hluta ævi þinnar. Leggðu þig á LATEX dýnu og farðu vel með þig. Ný viðhorf í heilsu- og heilbrigðismálum munu stuðla að skynsamlegri lífsháttum og betri heilsu. Í því sambandi skiptir góður svefn á góðri dýnu afar miklu máli.




LYSTADÚN

Skútuvoði 11, sími 8 46 55

Opíð í sumar mánud. - föstud. frá kl. 09 - 18.



**Við bjóðum mikið úrval af hjálpartækjum frá *ARJO*.
Meðal annars lyftur og böð, sem eru til þæginda bæði
fyrir starfsmenn og sjúklinga.**



A.KARLSSON HF.

**BRAUTARHOLT 28, RVÍK,
SÍMI 27444**

IÐJUBJÁLFUN

FORMÁLI

Kynning á eigin fagi er eitt af því sem tilheyrir starfi okkar iðjubjálfa. Öll gerum við töluvert af því að kynna iðjubjálfun ýmist á formlegan hátt í fyrirlestrum eða skrifuðu máli eða óformlega í gegnum okkar daglegu störf. Oft kvörtum við yfir að erfitt sé að kynna iðjubjálfun þannig að kjarni málsins komist til skila og við óttumst að fólk geri sér rangar hugmyndir um starfið. Iðjubjálfun er ung stétt á Íslandi sem hefur þurft að sanna tilverurétt sinn. Á fyrstu árum iðjubjálfunar á Íslandi var enga fyrirmynd að fá fyrir þá iðjubjálfa sem komu heim frá námi. Það er því skiljanlegt að stéttarvitund iðjubjálfa hafi verið fremur lítil til að byrja með. Hjá hópi með lága stéttarvitund vill kynning á eigin starfi oft einkennast af varnarstöðu - áherslan verður á "þetta höfum við líka lært og þetta getum við líka gert". Kynning á iðjubjálfun hefur þannig oft einkennst af aðferðalýsingum þ.e. hvernig við gerum. En nú eru breyttar aðstæður og við höfum grundvöll til að "snúa vörn í sókn". Iðjubjálfar eru nú orðinn nokkuð fjölmennur hópur sem starfar á hinum ýmsu sviðum og margir með langa starfsreynslu. Við höfum einnig öðlast viðurkenningu og nú sækjast stofnanir á sviði heilbrigðis-, félags- og

menntamála eftir iðjubjálfum til starfa.

Kennsla 4. árs nema í sjúkrapjálfun hefur verið fastur liður á Reykjalundi í nokkur ár. Þetta námskeið í endurhæfingu sem þeir sækja á Reykjalund byggist m.a. á kynningu á öllum þeim endurhæfingastéttum sem þeir eiga eftir að starfa með. Í þessu námskeiði hafa iðjubjálfar kennt fjóra tíma ; tvo tíma í almennri kynningu og tvo tíma í kennslu um skynjun og skynúrvinnslu. Hin almenna kynning hefur farið fram með "hefðbundnum hætti" en s.l. ár fengum við sem þetta ritum löngun til að kynna iðjubjálfun frá öðru sjónarhorni en hingað til hafði verið gert. Við vildum breyta kynningunni í nákvæmari lýsingu á bakgrunni iðjubjálfa og hvernig iðjubjálfar hugsa fremur en hvernig þeir gera. Við kynntum þetta form síðan fyrir félagsmönnum I.Í. í mars/apríl s.l. Ýmsir óskuðu þá eftir að fá eitthvað í hendurnar um efnið, en þar sem okkur fannst ekki að ljósrit af glærum stæðu undir sér án þess að okkar orð fylgdu með, tókum við þá ákvörðun að skrifa grein um efnið fyrir Blað-ið.


INNGANGUR

Hugmyndin að uppsetningu þessarar kynningar er komin frá iðjubjálfunarlíkani A. C. Mosey. Við bættum

aðeins við líkanið og aðlöguðum það til að koma að öllu því sem við vildum að kæmi fram.

Mynd I sýnir iðjupjálfun með sinn bakgrunn/forsendur sem eina heild eða kerfi 1 og skjólstæðinginn og umhverfi hans sem aðra heild eða kerfi 2. Iðjupjálfun er hér skilgreind sem samspilið milli þessara tveggja kerfa þar sem kerfi 1 reynir að hafa áhrif á kerfi 2. Í kerfi 1 er iðjupjálfinn miðpunkturinn með sögu iðjupjálfunar að baki sér. Iðjupjálfinn hefur ákveðin heimspekileg sjónarmið að

leiðarljósi svo og ákveðnar siðareglur að fara eftir. Fræðilegan grunn fær iðjupjálfinn frá námi sínu og reynslu og þessari þekkingu beitir hann á þau viðfangsefni sem falla undir iðjupjálfun. Faginu tilheyrir einnig ákveðin meðferðartæki og iðjupjálfunin fylgir sérstöku ferli. Til að hafa áhrif á kerfi 2 velur iðjupjálfinn ákveðna leið eða meðferðarsjónarmið til að vinna eftir þar sem dregin eru út þau atriði úr iðjupjálfun sem henta í vinnunni með þennan ákveðna skjólstæðing.



Mynd 1.

SAGA IÐJUPJÁLFUNAR

Saga iðjupjálfunar eins og hún er rakin hér byggist aðallega á grein Kielhofner og Burke frá 1977. Í gegnum tíðina hefur iðjupjálfun verið undir áhrifum tveggja meginstefna í heimspeki; heildarhyggju og smættarhyggju. Í smættarhyggju er gengið út frá að heildin sé sama sem summan af hlutum þeim sem hún er samsett úr. Sérhverju fyrirbæri er skipt niður í mælanlegar einingar og fundið hvernig þær tengjast öðrum mælanlegum einingum. Með því að öðlast skilning á sérhverri einingu á örstigi (micro level) á að vera hægt að skilja heildina og hvernig hún starfar með því að raða einingunum saman aftur. Í heildarhyggju er gengið út frá að heildin sé meiri en summa þeirra hluta sem hún er samsett úr. Til að skilja heildina er því ekki nóg að skilja einstök fyrirbæri hennar heldur þarf líka að skilja hvernig fyrirbærin tengjast saman í flókið kerfi og samspil þeirra og heildarinnar við umhverfið.

Forsaga iðjupjálfunar (AOTA, 1967) hefst innan geðlæknisfræðinnar og teygir sig alla leið til 2000 f. Kr, en þá meðhöndluðu Egyptar þunglynt fólk með því að láta það taka þátt í vinnu. Árið 172 f. Kr. lýsti rómverskur læknir því yfir að vinna væri besti læknirinn. Á 18 öld "uppgötvuðu" læknar á Spáni að sjúklingum af lágum stigum, sem þurftu að vinna ýmiss verk innan sjúkrastofnunar, bætnaði frekar en hástéttar samsjúklingum sem aldrei þurftu að gera neitt.

Á 18. og 19. öld var mannúðarsjónarmið ríkjandi í meðferð geð-

veikra bæði í Evrópu og Ameríku. Í því sjónarmiði eru allir álitnir jafningjar og áherslan var á samspili manneskju og umhverfis. Meðferðin fólst í þátttöku í störfum daglegs lífs.

Á 19. öld kom vísindasjónarmiðið til sögunnar, en þá var þróunarkenningin hátt skrifuð. Allir geðsjúkdómar hlutu að eiga rætur sínar að rekja til rangrar starfsemi heilans og skyldu meðhöndlaðir með lyfjum og/eða heilaskurði. Þrátt fyrir að vísindasjónarmiðið væri ríkjandi voru samt einstaka hugsjónamenn sem héldu mannúðarsjónarmiðinu vakandi.

Í byrjun 20. aldar sótti mannúðarsjónarmiðið á aftur. Talsmenn þess á 19. öldinni voru þá þegar farnir að nota starfsheitið iðjupjálfi og 1917 var stofnað félag iðjupjálfa í Bandaríkjunum. Stofnendur þess var hópur með mismunandi menntun en sameiginlega hugmyndafræði, þar sem litið var á manneskjuna sem heild (heildarhyggja) og áherslan var á atferli manneskjunnar. Miðpunktur allrar meðferðar var þátttaka í athöfnum. 1918 var boðið upp á stutt nám í iðjupjálfun í 4 háskólum en ýmiss námskeið önnur voru viðurkennd sem fullnægjandi til að nota starfsheitið iðjupjálfi.

Um 1920 stækkaði hópur þeirra sjúklinga sem voru meðhöndlaðir með vinnu. Hann náði ekki lengur eingöngu til geðsjúklinga heldur einnig til líkamlegra fatlaðra. Þetta var afleiðing heimsstyrjaldarinnar, en hermennina skorti bæði vilja og getu til að trúa því að þeir gætu orðið nýtir þjóðfélagsþegnar á ný. Berkla-faraldurinn um sama leyti varð til

Þess að fljótlega bættust einnig berklasjúklingar í hópinn. Þjálfunin var stigvís þannig að í byrjun var lögð áhersla á ADL eða persónulega umhirðu, síðan á leiki, þá á list/handmennt og að lokum á vinnu. Þjálfunin fór fyrst fram á sjúkradeild, síðan á verkstæðum/vinnustofum og endaði á iðnaðardeildum. Áherslan var á styrkleikum manneskjunnar en ekki á hinu sjúka. Iðjuþjálfun var á þessum tíma ekki með læknisfræðilegan bakgrunn heldur taldist til hugvísinda.

Um 1930 byrjar að gæta áhrifa frá "medicinska módelinu" með áherslu á lífeðlisfræði, lífefnafræði og sálgreiningu. Litið var á hið sjúklega. Reynt var að skipta heildinni niður í sífellt smærri einingar (smættarhyggja) sem voru meðhöndlaðar hver fyrir sig. Manneskjan var það sem hægt var að skoða í smásjá.

Árin 1940-1950 var tímabil kreppu í iðjuþjálfun þar sem baráttan stóð milli heildarhyggju og smættarhyggju (medicinska modelsins). Læknisfræðin tóku upp smættarhyggju til að hljóta viðurkenningu sem vísindagrein og aðrar stéttir heilbrigðisgeirans fylgdu í kjölfarið. Heildarhyggja iðjuþjálfar stóðst ekki þessa pressu þar sem hún byggðist á hyggjuvitinu einu saman. Heildarhyggja iðjuþjálfar var ekki hægt að rökstyðja vísindalega og varð hún því undir í baráttunni.

1950-1960 var tímabil smættarhyggju í iðjuþjálfun þar sem unnið var eftir þremur megin líkönum. Hið fyrsta byggðist á hreyfifræði (kinesiology). Þar voru athafnir aðlagðar að þjálfunarmarkmiðum, t.d. með því að setja trissur og lóð á vefstóla allt eftir því

hvaða vöðva átti að þjálfar. Innan þessa líkans unnu iðjuþjálfar einnig mikið með ADL, hjálpartæki og spælkur. Annað líkan byggðist á sálgreiningu (psychoanalytic). Þar áttu sjúklingar að fá útrás fyrir tilfinningar sínar með skapandi athöfnum. Þriðja líkanið var taugalífeðlisfræðilegt (neurological), þar sem áherslan var á tengslunum milli áreitis og svörunar.

Árin 1960-1970 voru annað kreppu-tímabil í iðjuþjálfun. Óánægju gætti með medicinska líkanið þar sem það þótti of takmarkað. Það náði ekki til samspils sálar og líkama og heldur ekki til tengsla mannsins við umhverfi sitt. Þetta varð til þess að á árunum 1970-1980 fara að koma fram ný heildarhyggjulíkon innan iðjuþjálfunar og í þetta sinn byggð á vísindalegum rökum.

Nú í dag er tekist á um það hvort hægt sé og hvort eigi að vera eitt allsherjar iðjuþjálfunarlíkan eða hvort mörg líkon eigi rétt á sér og hver og einn geti valið. En iðjuþjálfar eru sammála um að lykilhugtökin í iðjuþjálfalíkani skuli vera **heildarsýn** (manneskjan-umhverfið), **styrkleikar** mannsins, **aðlögun** manns og umhverfis og **athafnir/vinna**.

Saga iðjuþjálfunar á Íslandi hefst með starfsemi fyrsta íslenska iðjuþjálfans á Kleppsspítala árið 1945. Einstakir erlendir iðjuþjálfar störfuðu hér á landi af og til næstu þrjá áratugina. Á árunum 1974 og 1975 hófu níu iðjuþjálfar störf hér á landi og upp úr því var lagður grunnur að fimm iðjuþjálfunardeildum á sjúkrahúsum og endurhæfingastofnunum á höfuðborgarsvæðinu. Iðjuþjálfafélag Íslands

var stofnað árið 1976 og voru stofnfélagar tíu talsins. Félagið varð strax meðlimur í Alþjóðasamtökum iðjupjálfa. Árið 1977 voru sett lög um iðjupjálfun. Eftir 1980 fækkaði erlendum iðjupjálfum í samræmi við aukinn fjölda íslenskra iðjupjálfa. Með fjölgun í stéttinni hefur starfsvettvangur iðjupjálfa dreifst víðar, bæði á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum, en einnig innan þjónustu félags- og menntamála. Í nóv. 1990 voru um 60 iðjupjálfar á Íslandi starfandi á 21 vinnustað. Íslenskir iðjupjálfar erlendis voru þá rúmlega 20 talsins.

Í september 1988 var skipuð nefnd af Menntamálaráðuneytinu til að athuga hvort tímabært væri að stofna til kennslu í iðjupjálfun hér á landi og hvernig slíku námi yrði fyrir komið. Þetta er í annað sinn sem fjallað er um nám í iðjupjálfun af ráðherra-skipaðri nefnd. Sú fyrri var stofnuð 1973 þegar fjallað var um nám í sjúkra- og iðjupjálfun. Námsbraut í sjúkraþjálfun var komið á, en ekki þótti þá tímabært að hefja nám í iðjupjálfun. Nefndin sem var skipuð 1988 skilaði af sér í maí 1989 og mælti með að námi í iðjupjálfun yrði komið á hið fyrsta og yrði innan Háskóla Íslands. Mál þetta er nú til umfjöllunar innan veggja Háskólans.

HEIMSPEKILEG SJÓNARMÍÐ

Heimspekileg sjónarmið er ekki hægt að sanna vísindalega. Þau eru sannfæring hvers og eins um lífið og tilveruna. Heimspekileg sjónarmið iðjupjálfa varða manneskjuna, tengsl hennar við félagslegt og efnislegt

umhverfi sitt og markmið og tilgang iðjupjálfunar. Ýmsir fræðimenn í iðjupjálfun hafa sett fram heimspekileg sjónarmið. Þau sem hér eru nefnd eru sambland af sjónarmiðum settum fram af Mosey (1981) og sjónarmiðum settum fram af kennurum við iðjupjálfaskólann í Þrándheimi, en þau síðarnefndu byggjast á hugmyndum Meyers (Magnus og Werge-Olsen 1989).

- * Allir einstaklingar hafa jafnan rétt til að lifa innihaldsríku lífi og að nýta krafta sína til fulls.
- * Einstaklingurinn er í eðli sínu virkur og hefur þörf fyrir og rétt til virkrar þátttöku í daglegum athöfnum á heimili, í skóla, í vinnu og frístundum.
- * Einstaklingur viðheldur og þroskar hæfni sína og hefur áhrif á umhverfi sitt með eigin athöfnum.
- * Einstaklingurinn er félagsvera og þroskast í tengslum við umhverfi sitt og er aðeins hægt að skilja innan eigin umhverfis.
- * Einstaklingurinn hefur þörf fyrir jafnvægi milli vinnu, tómstunda, svefns og hvíldar.
- * Til að einstaklingurinn geti þrífist og þroskast þarf að vera jafnvægi milli hæfni hans og krafa og væntinga umhverfisins.

SÍÐAREGLUR

Síðareglur eru til verndar skjólstaðingum og til að tryggja gæði meðferðar. Síðareglur iðjupjálfa eru teknar saman af Alþjóðasamtökum iðjupjálfa (WFOT, 1978). Þessar reglur eru nú í endurskoðun.

- * Iðjupjálfar skulu vera gæddir heiðarleika, áreiðanleika og hollustu.
- * Iðjupjálfum ber stöðugt að halda faglegum gæðum meðferðar í hámarki.
- * Iðjupjálfar skulu hafa í heiðri þagnarskyldu.
- * Iðjupjálfar taka við beiðni um meðferð frá heilbrigðisstéttum og einnig frá öðrum starfsbræðrum svo framarlega sem iðjupjálfinn hafi beint samband við lækni skjólstæðings og ef nauðsyn þykir upplýsi hann áður en meðferð hefst.
- * Iðjupjálfum ber að afla sér viðeigandi upplýsinga um skjólstæðing áður en meðferð hefst.
- * Iðjupjálfar skulu ráðgast við og vinna með aðilum sem veita fræðslu, sál-félagslega aðstoð eða læknisfræðilega þjónustu, þeim sem þurfa á slíku að halda.
- * Iðjupjálfar skulu gera skýrslur, skrá skýrt og gagnort upplýsingar fyrir samstarfsmenn og til annarra löglegra nota.
- * Iðjupjálfar skulu taka þátt í vexti og þróun starfsgreinar sinnar með því að skiptast á upplýsingum og bæta meðferð og gæði menntunar.

FRÆDILEGUR GRUNNUR

Sérhver starfsgrein á sér fræðilegan grunn. Þessi grunnur verður til við að faghópurinn velur sér vísindi annarra fræðigreina til að vinna út frá og þróar eigin kenningar.

Fræðilegur grunnur iðjupjálfunar byggir á vísindum margra fræðigreina; líffræði, sálarfræði, félagsfræði, læknisfræði og ýmsum listgreinum og vinnu. Einnig byggist fræðilegur grunnur

iðjupjálfunar á kenningum sköpuðum af reynslu eigin stéttar. Fræðilegur grunnur iðjupjálfunar er þannig mjög breiður. Iðjupjálfun fæst við líkama, huga og aðstæður einstaklingsins. Þessi þrjú sjónarhorn eru talin óaðskiljanleg og þannig mat og íhlutun snertir manneskjuna sem heild burtséð frá því hvert hið greinda vandamál er. Sem dæmi má nefna 50 ára gamlan mann sem hefur fengið heilablóðfall. Bein afleiðing þess er lömun og vitræn skerðing og því er líklegt að iðjupjálfinn leggi í byrjun áherslu á að auka líkamlegan styrk, hreyfigetu og andlegt atgervi. En iðjupjálfinn lætur sig einnig varða aðra þætti eins og t.d. þörf 50 ára gamalls manns fyrir að vera virkur í vinnu og fjölskyldulífi. Það sem hér fer á eftir er í grófum dráttum það sem iðjupjálfun byggir grunn sinn á. (Mosey 1981, WFOT 1985).

Fræðisvið

Líffræði

Til líffræði teljast líffærafræði, lífeðlisfræði, taugalíffærafræði, taugalíf-eðlisfræði og hreyfifræði. Áhersla er á vexti, þroska, uppbyggingu og starfsemi tauga, vöðva, beina, skynfæra og innkirtla og tengslum þessara líffræðikerfa innbyrðis.

Sálarfræði

Þessi fræði ná bæði til mannshugans og sálarinnar. Þekking á huganum nær til samþættingar skynjunar (sensory integrative process) og vitrænna ferla. Varðandi sálina hafa iðjupjálfar innnýtt í ýmsar stefnur og kenningar um tilfinningalíf og atferli. Þeir

þekkja til þróunar persónuleikans, erfða og umhverfis og samskipta þessara þátta. Einnig til kreppu, veikinda og fötlunar séð frá sálfélagslegu sjónarhorni.

Félagsfræði

Félagsfræðin kemur inn á breitt svið sem tengist samfélaginu í heild og hinum ólíku hlutverkum okkar í því. Þar má nefna félagsmótun, félagsleg samskipti, hópa, tjáskiptakenningar og heilsufélagsfræði. Einnig uppbyggingu og starfsemi samfélagsins, eðli ólíkra félagskerfa, fjölskyldu/fjölskyldutengsl, lífsstíl, siðgæði, gildismat og viðhorf. Auk þess hafa iðjuþjálfar innsýn í félagslögjöfina.

Athafnafræði

Athafnafræði felur í sér listgreinar, leik og vinnu. Skoðað er hvaða áhrif þessir þættir hafa á manninn og hvaða hlutverki þeir gegna á hinum ýmsu skeiðum lífsferils hans. Þannig er litið á listgreinar og leik út frá sjónarhóli sköpunarþarfar, tjáningar, örvunar og uppbyggingar á hæfnispáttum. Á vinnu er litið út frá sjónarhóli vinnuvistfræði, vinnusálarfræði og vinnufélagsfræði.

Læknisfræði

Þessi hluti nær til meinafræði, lyflækninga, skurðlækninga, geðlækninga og félagslækninga. Þekking nær til afleiðinga veikinda og slysa, erfðafræðilegra galla og streitu og ýmissa þátta (jákvæðra og neikvæðra) sem hafa áhrif á hæfingu og endurhæfingu.

Iðjuþjálfunarfræði

Skipta má þessum fræðum í fjóra flokka og eru nefnd hér nokkur dæmi innan hvers flokks.

1. GRUNNUR IÐJUÞJÁLFUNAR.

- * hugmyndafræði, saga, framvinda, umfang og hlutverk iðjuþjálfunar
- * helstu kenningar, líkön og meðferðarsjónarmið í iðjuþjálfun
- * siðfræði og siðareglur
- * teymisvinna
- * önnur tilboð í hæfingu og endurhæfingu en iðjuþjálfun

2. AÐFERÐAFRÆÐI.

- * aðferðir til að stigbreyta meðferð
- * aðferðir til að viðhalda færni
- * beiting aðferða við ólíka sjúkdóma og fatlanir á hinum ýmsu stigum
- * hlutverk iðjuþjálfans og meðferðarleg afstaða
- * þróun hæfni iðjuþjálfans til úrlausna, samhyggðar og ábyrgðarkenndar
- * aðferðir til að setja og vinna að markmiðum í meðferð

3. NOTKUN ATHAFNA (LISTGREINA, LEIKJA OG VINNU) Í MEÐFERÐ

- * athafnagreining
- * breyting á athöfn til að framfylgja stigbreytingu meðferðar
- * val athafna eftir meðferðargildi þeirra, getu sj. og áhuga
- * markviss notkun athafna
- * val og notkun tækni til að auðvelda þátttöku í athöfnum

4. GRUNDVALLARREGLUR REKSTURS OG STJÓRNUNAR DEILDA.

- * heilbrigðisþjónustan
- * aðbúnaður iðjupjálfunardeilda, skipulagning og stjórnun
- * ráðning starfsfólks og handleiðsla
- * meðferðarskráning, skýrslugerð og upplýsingamiðlun
- * innkaup, umsjá og varðveisla efnis, tækja og tóla

Breytingar á fræðum.


Fræðilegar stoðir iðjupjálfunar breytast í tímanna rás. Ný fyrirbæri eru rannsökuð, nýjar kenningar þróaðar og gamlar kenningar staðfestar eða hraktar. Fræðilegar stoðir iðjupjálfunar eru talsverðar. Það er samt sem áður breytilegt í hve miklu mæli hinar

ýmsu kenningar iðjupjálfunar eru staðfestar með vísindalegum rannsókn-um en það fer þó vaxandi.

FERLI IÐJUPJÁLFUNAR

Iðjupjálfunin fylgir ákveðnu ferli (sjá mynd 2). Fyrsta stig þessa ferlis er matið eða greiningin. Meðferðin sem er næsta stig byggist á þessu mati. Endurmat er stöðugt í gangi og meðferðin því í sífelldri endurskoðun. Ferlinu lýkur alltaf með útskrift. Til hliðar við þetta ferli, sem er bein vinna með skjólstæðingnum, eru atriði sem varða skjólstæðinginn en hann er þó sjaldnast þátttakandi í. Þetta eru atriði eins og samvinna, skýrslugerð, útréttingar og tengsl við aðstandendur (Labovitz námskeið 1987).

Iðjupjálfunarferli




MYND 2.

VIÐFANGSEFNI

Viðfangsefni (domain of concern) iðjubjálfa eru færni (occupational performances) og hæfnipættir (performance components), sjá mynd 3. Með færni er átt við hæfileika einstaklingsins til að takast á við þær kröfur sem hann mætir á hinum ýmsu sviðum daglegs lífs. Hæfnipættir vísa

til ákveðinna eiginleika hjá einstaklingnum og eru almennt taldir vera forsenda fyrir færni hans. Skipting færni og hæfnipáttanna í undirflokka er tekin frá AOTA (1989), en líkanið er breytt mynd af líkönum frá A. C. Mosey og L. Jones (Labovitz námskeið, 1987).

VIÐFANGSEFNI



Mynd 3.

Færni: A. ADL

- B. Störf: 1. Heimilishald
2. Umönnun
3. Nám
4. Atvinna

C. Leikir og tómstundir

Hæfnipættir:

- A. Skyn-hreyfipættir (sensory motor)
1. Skynúrvinnsla (sensory integration)
2. Tauga-/vöðvastarfsemi (neuromuscular)
3. Hreyfistarfsemi (motor)
B. Vitrænir þættir (cognitive)
C. Sálfélagslegir þættir (psycho-social)

Með samræmingu (temporal adaptation) er í fyrsta lagi átt við hæfni einstaklingsins til að skipuleggja tíma sinn þannig að honum takist að sinna öllum þeim hlutverkum sem hann gegnir sbr. foreldri, maki, lögfræðingur, knattspyrnuþjálfari, kórfélagi. Í öðru lagi er átt við hæfni einstaklingsins til að samræma hlutverk sín þannig að hann fullnægi öllum sínum þörfum og haldi æskilegu jafnvægi milli starfa, tómstunda og hvíldar.

Aldur í árum og aldur í þroska hafa bæði áhrif á færni og hæfnipætti. Það eru t. d. allt aðrar væntingar varðandi ADL til 2ja ára barns en fullorðinnar manneskju og hreyfistarfsemi er líka á allt öðru þroskastigi. Umhverfið er annar áhrifapáttur. Það hefur áhrif á hvernig hæfnipættir þroskast og kröfur um færni eru háðar því umhverfi sem einstaklingurinn er í hverju sinni.

MEÐFERÐARTÆKI

Þau atriði sem iðjupjálfinn notar til að hafa áhrif á færni og hæfnipætti höfum við valið að kalla meðferðartæki. A. C. Mosey (1987) talar um þetta sem "legitimate tools of OT" og á Norðurlöndum er venjan að tala um "ergoterapeutiske midler". Meðferðartækjum er hér skipt í þrjá meginflokka:

I. Umhverfi

A. Efnislegt umhverfi:

- húsnæði og búnaður
- hjálpartæki og spelkur
- þjálfunartæki og -gögn

B. Félagslegt umhverfi:

FÓLK:

- iðjupjálfinn
- annað starfsfólk
- samsj. / samferðafólk
- "ANDRÚMSLOFT":
- meðferðarleg afstaða
- framkoma
- reglur/venjur
- gildismat/viðhorf
- samskipti

Umhverfið gefur einstaklingnum svörun á færni hans. Þar sem færni er háð umhverfinu má auka færni með því að aðlaga það þörfum mannsins. Umhverfið er einnig notað til að hafa áhrif á ákveðna hæfnipætti. Sérhönnuð gögn í vitrænni þjálfun og samsjúklingar í samskiptaþjálfun eru dæmi hér um.

II. Athafnir

Einstaklingurinn hefur samskipti við efnislegt og félagslegt umhverfi sitt með athöfnum. Þrátt fyrir að orðið athöfn sé lykilhugtak í iðjupjálfun,

hefur enn ekki tekist að skilgreina það til hlítar. N. E. Ness (1989) skilgreinir athöfn sem eitthvað er krefst andlegrar íhlutunar og/eða viljastýrðra hreyfinga, en A. C. Mosey (1981) sem framkvæmd er stefni að ákveðnu marki.

Allt sem gert er innan ADL, starfa eða tómstunda/leikja flokkast undir athafnir. Athafnir geta verið sköpun og framleiðsla (t. d. heimilisstörf, tölvuvinna, málun eða smíðar) og þær geta einnig verið hreyfing og hugsun t. d. æfingar, dans eða samræður. Athafnagreining er undirstaða markvissrar notkunar á athöfnum. Athafnagreiningu má gera á marga vegu (Ness, 1989). Algengasta aðferðin er líklega sú að skilgreina þær lágmarkskröfur sem athöfnin og athafnaferlið gerir til hæfnipátta framkvæmdaaðilans og þá um leið hvernig meggi breyta þessum kröfum. Greiningu á athöfn má tengja ákveðinni kenningu eða aðferð. Þannig greining getur verið mjög sérhæfð á afmörkuðu sviði, t. d. hvaða möguleika athöfnin gefur á að nota ákveðna vöðva. Með sterkari fræðigrunni í iðjubjálfun koma fram nýjar aðferðir í athafnagreiningu. Ein aðferð er að líta á athöfnina frá þremur mismunandi sjónarhornum. Í fyrsta lagi á hvaða hátt athöfnin er framkvæmd, í öðru lagi hvaða forsendur framkvæmdaaðilinn þarf að hafa og í þriðja lagi hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi í umhverfinu. Í slíkri greiningu er leitast við að líta á heildina og tengja saman athöfn, einstakling og umhverfi.

III. Fræðsla

Fræðsla sem meðferðartæki í iðjubjálfun er notuð í tvenns konar tilgangi. Í fyrsta lagi til að fyrirbyggja að upp kómi erfiðleikar í færni og að hæfnipættir skerðist. Í öðru lagi til að draga úr áhrifum líkamlegra eða andlegra sjúkdóma á færni og hæfnisþætti. Fræðsluformið spannar allt frá einstaklingsráðgjöf þar sem fræðslan er löguð að þörfum og aðstæðum einstaklingsins til fyrirlestra fyrir stóra hópa.

MEÐFERÐARSJÓNARMÍÐ

Meðferðarsjónarmið (frame of reference eða approach) lýsir því frá hvaða sjónarhorni vandamálið er skoðað, hvað er metið og hvernig er þjálfað. Í meðferðarsjónarmiðum er leitast við að tengja saman hóp kenninga eða fræða sem fylgja svipaðri hugmyndafræði um eðli mannsins, áhrif umhverfisins og hvernig breyting á sér stað. Iðjubjálfinn velur meðferðarsjónarmið út frá þekkingu sinni, viðfangsefninu, þ.e.a.s. eðli vandamálsins og þörfum og getu skjólstæðingsins. Meðferðarsjónarmið má flokka á ýmsa vegu. Við vitnum hér í fjögur flokkunarkerfi:

Hopkins og Smith (1978) skipta meðferðarsjónarmiðum í þrjá flokka:

- Þroskasjónarmið (Deveelopmental Approach)
- Endurhæfingarsjónarmið (Rehabilitation Approach)
- Iðjuatferlissjónarmið (Occupational Behavior Approach)

Mosey (1981) skiptir meðferðarsjónarmiðum einnig í þrjá flokka:

- Þroskasjónarmið (Developmental

Frames of Reference)

-Námssjónarmið (Acquisitional Frames of Reference)

-Sálkönnunarsjónarmið (Analytical Frames of Reference)

Trombly og Scott (1977) nefna þrjú meginsjónarmið í iðjuþjálfun fólks með líkamlega fötlun:

-Taugaþroskasjónarmið (Neuro-developmental Approach)

-Lífaflfræðisjónarmið (Biomechanical Approach)

-Endurhæfingarsjónarmið (Rehabilitative Approach)

Bruce og Borg (1987) vitna í Llorens sem skilgreinir ellefu flokka meðferðarsjónarmiða í iðjuþjálfun. Þar af völdu þær fimm flokka fyrir geðiðjuþjálfun:

-Viðfangstengslasjónarmið (Object Relations Frame of Reference)

-Atferlissjónarmið (Behavioral Frame of Reference)

-Vittrænt atferlissjónarmið (Cognitive-Behavioral Frame of Reference)

-Þroskasjónarmið (Developmental Frame of Reference)

-Iðjuatferlissjónarmið (Occupational Behavior Frame of Reference).

Við höfum valið að gefa hér gróft yfirlit yfir þrjá flokka meðferðarsjónarmiða: Þroskasjónarmið, námssjónarmið og iðjuatferlissjónarmið. Þessi sjónarmið eru valin með það fyrir augum að spanna sem flest svið innan iðjuþjálfunar. Þroskasjónarmiðið kemur fyrir í öllum flokkunarkerfunum. Námssjónarmið Mosey felur í sér endurhæfingarsjónarmið og lífaflfræðisjónarmið sem undirflokkar og byggir á námskenningum á svipaðan hátt og

atferlissjónarmið. Iðjuatferlissjónarmiðið er byggt á kerfiskenningunni og er af mörgum talið eina sjónarmiðið sem hentar öllum viðfangsefnum innan iðjuþjálfunar. Þetta sjónarmið er nú í brennidepli um allan heim og þá betur þekkt sem "Model of Human Occupation" sem var sett fram af Bürk og Kielhofner 1980 og byggist á kenningum Reilly.

Þroskasjónarmið (Developmental Frame of Reference).

Hugmyndafræðin að baki þessu sjónarmiði er sú að maðurinn hafi innri þörf til að takast á við ögranir lífsins og ráða við þær. Hann fer í gegnum mörg þroskastig. Hæfni á einu stigi er háð hæfni á undan gengnu stigi og ekki er hægt að hlaupa yfir neitt stig. Til að þroski geti átt sér stað verða hæfilegar kröfur að beinast að einstaklingnum, en of miklar kröfur geta leitt til afturhvarfs eða vanhæfni. Hæfni mannsins til að takast á við viðfangsefni hvers þroskastigs byggist á líkamlegri og andlegri hæfni, reynslu, stuðningi og tækifærum. Iðjuþjálfinn metur hvar viðkomandi er staddur á þroskabrautinni, hvort það hæfi aldri hans og hvort hlutverk hans og færni sé í samræmi við þroska hans. Meðferðin felst í því að byggja upp hæfnisþætti stig af stigi s. s. sjálfstraust, skipulagshæfni, vöðvastyrk og samhæfingu hreyfinga. Hlutverk iðjuþjálfans er sveigjanlegt og sveiflast á milli þess að vera kennari, "örvari", þátttakandi og stuðningsaðili. Sem dæmi um kenningar má nefna kenningar tengdar fræðimönnum eins og Bobath, Brunstrom, Rood, Ayres,

Llorens og Grady/ Gilfoyle/ Moore.

Námssjónarmið (Acquisitional Frame of Reference).

Hugmyndafræðin að baki þessu sjónarmiði er sú að hæfni mannsins sé afleiðing af samskiptum hans við hið ytra umhverfi. Áhersla er á áþreifanlegri hæfni (concrete skills). Hæfni á einu sviði er óháð hæfni á öðru sviði. Til að geta tekið þátt í þjóðfélaginu þarf maðurinn að hafa ákveðna kunnáttu/hæfni. Hæfni verður til með endurtekningum og styrkist við umbun frá umhverfinu. Iðjupjálfinn metur hvaða verk viðkomandi kann og kann ekki og hvaða verk hann þarf að kunna til að geta notið sín í eigin umhverfi. Einnig er metið hvaða þættir í umhverfinu örva eða hindra nám hans. Meðferðin er kennsla þar sem umbun er veitt fyrir góðan árangur. Viðkomandi lærir ákveðin verk eða verkþætti með því að æfa sig í þeim. Hann lærir að vinna verkin stig af stigi og alltaf á sama hátt. Hlutverk iðjupjálfans er að vera kennari, ráðgjafi og fyrirmynd auk þess að veita hvatningu og umbun. Sem dæmi um kenningar/fræði má nefnda lífaflfræði (biomechanics), atferliskenninguna og endurhæfingarfræði.

Iðjuatferlissjónarmið (Occupational Behavior Frame of Reference).

Í hugmyndafræði þess er litið á manninn sem opið kerfi í stöðugri aðlögun. Þetta kerfi (maðurinn) á sér þrjú undirkerfi. Hæsta undirkerfið er

viljakerfið (volition subsystem), en í því felst trú einstaklingsins á mátt sinn og megin, gildismat hans og áhugamál. Næsta undirkerfi er vanakerfið (habitation subsystem), sem felur í sér venjur og hlutverk. Lægsta undirkerfið er framkvæmdakerfið (performance subsystem), sem samanstendur af hæfnisþáttum einstaklingsins. Maðurinn leitast við að ná og viðhalda heilbrigði með því að halda jafnvægi milli vinnu, leikja/tómstunda og sjálfsbjargar, en við höfum valið orðið "iðja" (occupation) sem samheiti þessara þriggja þátta. Samskipti milli manns og umhverfis eru stöðugt í gangi. Iðja (occupation) er sprottin af innri þörf mannsins fyrir að kanna og ráða við umhverfi sitt og þessi innri, meðfædda þörf er sú orka sem keyrir kerfið (drífur manninn) áfram. Iðja eykur færni og stuðlar að bættri tímanýtingu, hæfni í hlutverkum og aðlögun að umhverfinu. Röskun á kerfinu felur í sér vanhæfni í hlutverkum (occupational role dysfunction). Mat iðjupjálfans beinist að þessari röskun og metur kerfið í heild og undirkerfin, hina innri þörf (intrinsic motivation), hæfni til að taka ákvarðanir, hæfni í hlutverkum, tímasamræmingu, samskipti við umhverfið og hæfnisþætti. Meðferðin beinist að því byggja upp eða endurheimta þær venjur og kunnáttu sem er nauðsynleg undirstaða færni og vellíðunar. Hlutverk iðjupjálfans er að skipuleggja og aðlagða umhverfið og að vera þátttakandi með skjólstæðingnum í að finna lausnir og útfæra þær.

LOKAORÐ

Þetta kynningarefni er frekar "pungt" og miðast við faghópa sem hafa svipaðan bakgrunn og okkar stétt og skilja hugsunargang þessara framsetningar. Varast ber að líta á það sem hér hefur verið skrifað sem einhverja "allsherjar lausn" á kynningu, en ef laust má nota eitthvað úr þessari grein og spinna annað. Við höfum nú notað þetta efni tvívegis fyrir 4. árs nema í sjúkrálfun. Þar hefur köflunum um viðfangsefni og meðferðartæki verið gefið mest vægi og útskýrt þá með litskyggnum og glærum.

Þessi skrif takmarkast við þær heimildir sem hér fara á eftir. Þróunin er nú hröð innan fagsins og því þarf öll framsetning að vera í stöðugri endurskoðun. Fræðimenn nota hugtök á mismunandi vegu og þau eru oft ekki eða illa skilgreind. Gaman væri að iðjupjálfar á Íslandi sameinuðust um að íslenska, skilgreina og flokka hugtök í iðjupjálfun. Slíkt myndi auðvelda okkur iðjupjálfum að skilja fagumræður í öðrum löndum og að kynna okkar starf.

HEIMILDALISTI.

AOTA 50th Anniversary Then and now 1917-1967. American Occupational Therapy Ass., 1967.

AOTA Uniform Terminology of Occupational Therapy-second edition. The American Journal of Occupational Therapy, 1989, 12 tlb, bls.808-815.

Bruce, M.N. & Borg, B. Frames of References In Psychosocial Occupational Therapy, New Jersey, Slack Incorporated, 1987.

Hopkins, L.H. & Smith, H.D. Willard and Spacksmann's Occupational Therapy (5.útg.), New York, J.B. Libbincott Company, 1978.

Kielhofner, G. & Burk J.P. Occupational Therapy After 60 Years: An Account of Changing Identity and Knowledge. The American Journal of Occupational Therapy 1977, 10 tlb. bls.675-689.

Labovitz, L. Námskeiðsgögn frá námskeiði um kenningar í iðjupjálfun haldið fyrir I.Í. 1987.

Magnus, E. & Werge-Olsen, I.B. Aktivitet-noen synspunkter. Ergoterapeuten 1989. 1. tlb. bls. 4-7.

Mosey, A.C. Occupational Therapy, configuration of a Profession, New York, Raven Press 1981.

Ness, N. E. Aktivitetsanalyse-ergoterapeutens hodebry og specialitet. Ergoterapeuten 1989, 4 tlb. bls 4-8.

WFOT Code og Ethics for Occupational Therapists. World Federation of Occupational Therapists, 1978.

WFOT Recommended Minimum Standards for the Education of Occupational Therapists. Council of the World Federation Occupational Therapy, 1989.

nóv. 1990

TÍUNDA HEIMSRÁÐSTEFNA IÐJUPJÁLFA

Focus 90 var yfyrskrift tíundu heimsráðstefnu iðjupjálfa, sem haldin var í Melbourne, Ástralíu daganna 2. - 4. apríl s.l. Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 1500 talsins, þar af 1250 frá Ástralíu. Áberandi var hversu margir iðjupjálfanemar voru frá hinum ýmsu skólum í Ástralíu.

Við vorum tvær sem sóttum ráðstefnuna frá Íslandi. Auk mín var það Guðrún Árnadóttir iðjupjálfi. Hún hélt fyrirlestur um A-ONE matið (Árnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation) og var hann vel sóttur og vakti jafnframt mikla athygli. Ef tekið er mið af þeim fyrirlestrum sem voru í boði á ráðstefnunni, þá mætti segja að þróun A-ONE matsins sé eitt af því nýjasta, sem er að gerast innan iðjupjálfunar í dag. Guðrún var einnig með kynningu á bókinni: *The Brain and Behavior: Assessing Cortical Dysfunction Through Activities of Daily Living*, sem kom út í ágúst s.l. hjá C.V. Mosby bókaútgáfunni í Bandaríkjunum. Umboðsaðilar Mosby's fyrirtækisins í Ástralíu voru mjög ánægðir með viðtökur á bókinni og fengu margar pantanir.

Frá mánudegi fram á fimmtudag voru í boði um 160 fyrirlestrar, 11 hádegisfundir, um 180 veggspjaldakynningar og nokkrar myndbandsýningar. Á hverjum morgni voru þekktir iðjupjálfar fengnir til að byrja

daginn með ávarpi, svo kallaðir "keynote speakers". Þetta voru Ms. Rosemary Barnitt, Dr. Jenny Ziviani, Professor Sharon Brintnell og Ms Claudia Allen, sem eru þekktar hver á sínu sviði.

Fyrirlestrunum var skipt í nokkra meginflokka m.a. barnaiðjupjálfun\SI, geðiðjupjálfun, líkamlegapjálfun (tauga- og gigtarsjúkdóma), vitræna þjálfun, öldrun, gæðamat (quality assurance), AIDS og menntun. Þeir voru haldnir samtímis í 6 misstórum sölum, sem tóku frá 80 manns sá minnsti upp í 2000 manns sá stærsti. Það þurfti því oft að sitja þröngt og á gólfinu. Sem dæmi um fjölda fyrirlestra þá gátu 20 - 25 fyrirlestrar verið í gangi á sama klukkutímanum og var hver þeirra að meðaltali 20 mínútna langur og því oft erfitt að velja á milli. Einnig reyndist erfitt að ætla sér að skipta um sal og hlusta á annan fyrirlestur í öðrum sal, þar sem ógerningur reyndist að komast út vegna þrengsla.

Samhliða fyrirlestrunum voru veggspjaldakynningar í gangi og í hádeginu voru sérstakir áhugahópar með umræður um ýmis málefni s.s. iðjupjálfun í þróunarlöndum, öldrun og ADL-möt. Á meðan ráðstefnan stóð var víðamikil sýning hjá framleiðendum ýmissa æfingartækja, hjálpartækja og bókaforlaga. Einnig var sýning utan-

dyra á sérútbúnum bifreiðum í hádeginu og ekki má gleyma blaðinu IN FOCUS, sem gefið var út daglega. Blaðið tíundaði atburði dagsins og sagði frá og birti myndir frá móttökum og kvöldverðarboðum, sem í boði voru þessa fimm daga og var sá hluti dagskrárinnar í alla staði mjög veglegur.

Einkennandi fyrir þá fyrirlestra, sem ég sótti var að flestir þeirra fjölluðu um niðurstöður rannsókna og samantarburðar rannsóknir á ýmsum stöðluðum prófum. Þetta varð til þess að ég fór að spyrja sjálfa mig spurninga eins og: Gerir sú þjálfun gagn sem ég/við veitum heima á Íslandi? Athafnagreinum við nógu vel þær athafnir, sem við notum í meðferð? Hversu áreiðanlegar eru þær matsaðferðir, sem við notum til að meta framfarir? Ég tel að slíkar spurningar tengist mikið gæðamati (quality assurance), sem mikið er rætt um núna í Bandaríkjunum og V.-Evrópu og væri vert að taka þessa umræðu upp í félaginu okkar.

Á fimmta degi var farið í heimsókir á hina ýmsu staði. Hver iðjuþjálfari komst einungis í eina heimsókn, sem þurfti að velja fyrirfram við skrásetningu á ráðstefnuna og var það val ekki auðvelt, því um margt var að velja. Ég valdi að skoða iðjuþjálfunina á Austin Hospital í Heidelberg. Á þessum spítala er sérhæfð deild með 54 rúmum fyrir mænuskaða, sem tekur á móti fólki frá Victoríu fylki og suðurhluta af Vestur-Ástralíu fylki.

Iðjuþjálfunin er með aðstöðu í gamalli byggingu, þar sem m.a. er

eldhús (ekki með hækkanlegri innréttingu), baðherbergi, svefnherbergi, æfingasalur, verkstæði og herbergi fyrir barnaiðjuþjálfun. Tækjabúnaður deildarinnar var ekki eins nútímalegur og við eigum að venjast hér á Íslandi og voru iðjuþjálfarnir mjög stoltir af einu hækkanlegu borði sem deildin átti. Einnig hefur spítalinn umráð yfir tveimur áfangaíbúðum.

Iðjuþjálfar mænuskaðadeildarinnar, sem eru 5 talsins, voru búnir að undirbúa komu okkar mjög vel, m.a. höfðu þeir útbúið veggspjöld með myndum og útskýringum um þjálfun, heimilisaðstæður, hjálpartæki, spelkur, tölvunotkun og ökufærni.

Á þessum spítala eru framkvæmdar sináflutningaaðgerðir hjá mænusköðum með háan skaða (quadriplegium), með því markmiði að auka færni í : 1. olnboga-extension, 2. lateral pinch-gripi, 3. kraftgripi og pinch-gripi (2 aðgerðir gerðar með 12 vikna millibili). Við fengum að kynnst ungri konu, sem gengist hafði undir aðgerð á vinstri hönd. Hún sýndi okkur munin á vinstri og hægri hönd, með því að halda á fullu vatnsglasi, strauja o.fl. með þeirri vinstri. Hún hafði í huga að gangast undir aðgerð á hægri hönd, en þessar aðgerðir krefjast margra mánaða þjálfunar á eftir og mikils vilja. Í flestum tilfellum eru þessar aðgerðir gerðar á veikari eða ekki ríkjandi hönd (non-dominant), þannig að viðkomandi fái betri færni með lélegri hendinni og til að hægt sé að meta útkomuna með eins lítilli áhættu og unnt er. Með þessu móti er hægt að ákvarða hvort borgi sig að gera aðgerð á ríkjandi hönd eða ekki.

Þegar á heildina er litið hvað varðar efnislegt innihald, skipulagningu og félagslega dagskrá var þetta mjög góð ráðstefna. Þar sem ferðinni var ekki heitið strax heim eftir ráðstefnuna, sendi ég heim 5 kg. af pappír m.a. Book of Abstracts upp á 586 blaðsíður, Book of Poster Paper Abstracts upp á 132 blaðsíður og óteljandi bæklinga frá hinum ýmsu æfingartækja- og

hjálpartækjaframleiðendum. Í þessum ofan nefndu bókum eru úrdrættir úr öllum fyrirlestrunum, sem haldnir voru og úr veggspjöldunum, sem til sýnis voru.

Þeir sem hafa áhuga á að vita meira um ráðstefnuna er velkomið að hafa samband við greinarhöfund.

Björk Pálsdóttir, Inga Jónsdóttir og
Jóhanna Ingólfssdóttir iðjupjálfar

SJÁLFSTÆÐUR ATVINNUREKSTUR

Hvernig er að vera með sjálfstæðan atvinnurekstur? Um okkur fer jafnvel hrollur við tilhugsunina um "alla skrif-finskuna" sem fylgir því. Við höfum mislanga og ólíka reynslu af eigin rekstri.

Eitt er að okkar mati að vera eigin atvinnurekandi í fullu starfi en annað að vera það í hlutastarfi með öðru launuðu starfi (t.d. hjá ríki). Að vera launþegi veitir ákveðið öryggi m.t.t. veikinda, lífeyrissjóðsréttinda o.fl. Verktakanum hættir oft til að "spara" sér launatengdu gjöldin (t.d. orlof, slysatryggingu og lífeyrissjóðsgreiðslur) þ.e. reikna þau sér til tekna.

Þetta var neikvæða hliðin á því að vera eigin herra, snúum okkur nú að

þeim jákvæðu.

LAUNIN. Þau eru betri, allavega getum við drjúg áhrif á þau. Það verkar hvetjandi, bæði m.t.t. vinnu-framlags og faglegs styrks. Með öðrum orðum það er einhver sem vill kaupa það sem þú hefur að bjóða nokkuð sem okkur finnst stundum skorta í opinbera kerfinu.

VINNUTÍMI. Fremur sveigjanlegur.

VIÐFANGSEFNI. Í þessu tilviki vinnuvistfræði. Mjög jákvætt fyrir okkur sem daglega störfum með sjúku fólki að hitta frískt fólk og vinna að fyrirbyggjandi starfi. Vinnuvistfræði á vaxandi fylgi að fagna á síðustu árum. Almennigur sem og atvinnurekendur eru að vakna til meðvitundar um

mikilvægi þess að gæta heilsunar og huga að starfsumhverfi. Jákvæðar undirtektir og líflegar umræður gera þetta fræðslustarf áhugavert og hvetjandi.

Samstarf okkar þriggja hefur gert vinnuna auðveldari og jákvæðari á allan hátt. Fræðsluefni höfum við unnið í samvinnu og við sækjum stuðning og "feed back" í hvor aðra.

Við tökum verkefni að okkur í samvinnu og deilum þeim svo á milli okkar eftir tíma og áhuga hvers og eins. Okkar reynsla er því í heild mjög jákvæð, við vinnum þetta allar í hlutastarfi en erum launþegar í öðru starfi.

Að lokum, þá teljum við að sinna mætti fleiri þáttum innan iðjuþjálfunar á svipaðan hátt.

Rósa Hauksdóttir iðjuþjálfari

AF NORRÆNNI ÖLDRUNARRÁÐSTEFNU

10. Norðurlandaráðstefnan um Öldrun var haldin í Reykjavík dagana 27. - 30. maí. Þátttakendur voru 388 frá öllum Norðurlöndum auk Bandaríkjanna og Bretlands.

Setningarathöfn var í Borgarleikhúsinu, en ráðstefnan sjálf var haldin á Hótel Sögu og í Háskólabíói. Fyrst á morgnana voru sameiginlegir fyrirlestrar af ýmsu tagi, en síðan var hægt að velja um 4 mismunandi þema yfir daginn. Það voru hátt í 150 aðilar

sem kynntu rannsóknarverkefni og voru þau misáheyrlig og upplýsingarnar almennt mjög tölfræðilegar. Flestir voru fyrirlesararnir læknar eða sálfræðingar, en Guðrún Árnadóttir iðjuþjálfari, kynnti A-one bæði sem fyrirlesari og á veggspjaldi.

Allir þeir sem vinna að öldrunarmálum gafst þarna kostur á að kynnast því helsta sem er að gerast og fylgjast með þróun mála á sviði öldrunar.

REUMA 89

Ráðstefnan "REUMA 89" var haldin í Kaupmannahöfn 22. - 25. nóv. s.l. Ráðstefnan var þverfagleg og haldin fyrir þá faghópa á Norðurlöndum sem vinna með gigtarsjúklinga. Yfirskrift ráðstefnunnar var : Sársauki.

Fyrirlestrar voru haldnir alla dagana og voru ýmist sameiginlegir fyrir alla ráðstefnugesti eða skipt niður í hópa (sessionir) eftir faghópum og/eða áhuga hvers og eins.

Fyrsta daginn voru fyrirlestrar eftir hádegi og sameiginlegir fyrir alla gesti. Þá var talað um aðalefni ráðstefnunnar, sársauka, bæði frá læknisfræðilegu og sálfræðilegu sjónarmiði. Um kvöldið bauð borgarstjóri Kaupmannahafnar ráðstefnugestum til móttöku í ráðhúsinu, þar sem m.a. var boðið upp á hinar frægu ráðhúspönnukökur. Þaðan var haldið á kirkjutónleika í Holmens Kirke.

Annan daginn (fimmtudag) var yfirskrift dagsins : Bakverkir og sársauki. Fram að hádegi voru sameiginlegir fyrirlestrar. Fjallað var um þjóðfélagslega þýðingu bakverkja og um skoðun á baksjúklingum. Í hléi voru gerðar leikfimiæfingar undir dillandi brasilískri tónlist og myndum frá Rio de Janero. Aðaláhersla var lögð á mjaðmahnykki. Eftir hádegi voru 6 "sessionir". Yfirskrift þeirra var :

-Bakþjálfun.

-Bakskóli.

-Félagslegir áhrifaþættir (aspekter) við AR.

-Notkun spurningalista til að meta ADL við AR.

-Skipulag á faglegri og þverfaglegri vinnu í Evrópu og á Norðurlöndum.

-Meðhöndlun lyfja.

Kvöldið var frjálst.

Þriðja daginn (föstudag) var yfirskrift dagsins : AR og sársauki. Fram að hádegi voru sameiginlegir fyrirlestrar. Fjallað var um hvað vitað er um AR í dag og hvernig hægt er að virkja sjúkling á sjúkrahúsi til sjálfshjálpar. Eftir hádegi voru 3 "sessionir". Þær fjölluðu um :

-Fræðslu fyrir AR-sjúklinga.

-Hendur - almennt um meðferð.

-Þjálfun AR-sjúklinga.

Um kvöldið var boðið í "festmiddag" sem var "dejlig", bæði matur og skemmtiatriði.

Síðasta daginn (laugardag) var yfirskrift dagsins : Rannsóknir. Fyrirlestrar voru 3.

-Kostir og gallar "kvantitativra og kvalitativra" rannsóknaraðferða.

-Tengsl "life-events" og AR.

-Þýðing mismunandi menntunar og viðhorfa fyrir þróun þverfaglegrar samvinnu.

Ráðstefnunni lauk með því að ráð-

stefnugestir voru beðnir um skriflegt mat á ráðstefnunni.

Næsta ráðstefna verður haldin í Finnlandi í júní 1991. Yfirskrift þeirrar ráðstefnu verður : "Maðurinn í umhverfinu".

Það sem eftir stendur að lokinni ráðstefnunni er nauðsyn þess að beita tölfraði í starfi okkar og rannsaka það sem við erum að gera til að missa ekki af lestinni. Það er hvetjandi að heyra um rannsóknir sem hinir ýmsu starfshópar eru að vinna að þ.á m. iðjupjálfar. Rannsóknarverkefni eru mis viðamikil en fróðleg

og góð byrjun því allir þessir faghópar eru byrjendur í rannsóknum nema læknar. Ánægjulegra hefði verið að sjá fleiri iðjupjálfa í þessum hóp og vorum við eindregið hvattar af þeim sem þegar voru byrjaðar. Það er örvandi að hitta starfsfélaga frá öðrum löndum og skiptast á skoðunum. Sem dæmi má nefna að innlegg um "low-profile" spelkur var ekki athyglisvert í sjálfu sér heldur umræðurnar og skoðanaskiptin sem fylgdu í kjölfarið.

Ráðstefnan ver vel skipulögð. Hana sóttu alls 17 íslendingar, flestir frá Landsspítalanum og Gigtarstöðinni. Ferðin var í alla staði mjög ánægjuleg.



Iðjupjálfa vantar nú þegar á iðjupjálfunardeild Reykjalundar til afleysingarstarfa, en síðar gæti verið um fastráðningu að ræða.

Viðkomandi iðjupjálfi mun fyrst og fremst starfa á gigtarsviði, en að sjálfsögðu einnig vinna með aðra sjúklingahópa.

Möguleikar á barnaheimilisplássi á barnaheimili staðarins. Þeir sem hafa áhuga hafi samband við undirritaða sem fyrst.

Ingibjörg Pétursdóttir
Yfiriðjupjálfi
s. 91-666200-102

Okkur í ritnefnd hefur lengi langað til að birta efni eftir iðjupjálfanema í Blaðið. Við sendum nokkrum nemum bréf og báðum þá um að skrifa. Undirtektirnar voru mjög góðar og viljum við þakka kærlega fyrir þær. Því miður getum við ekki birt öll bréfin.

BRÉF FRÁ IÐJUPJÁLFANEMUM

Fyrir nokkru síðan barst mér bréf frá mínu ástkæra föðurlandi þar sem ég var beðin að skrifa grein í blaðið um eitthvað sem tengdist námi mínu. Ekki leyst mér nú of vel á það en ætla þó að gera heiðarlega tilraun.

Ég er iðjupjálfanemi vð háskólann í Lundi á síðustu önn. Námið stendur yfir í tvö og hálft ár og er það í heldur styttra lagi að mínu mati og margra annarra nemenda við skólann.

Fyrsta námsárið fer í námskynningu á iðjupjálfun og grunngreinar svo sem líffærafræði, meinafræði, lífeðlisfræði og sálarfræði. Námið er bæði bóklegt og verklegt. Á öðru árinu byrjar svo hið eiginlega iðjupjálfanám með fullum krafti bæði verklegt og bóklegt. Inn í það fléttast sjúkdómsfræði. Síðasta önnin er fínslípun á þekkingunni með verklegri þjálfun og lokaritgerð ásamt námsferðum á hina ýmsu vinnustaði bæði innanlands og utan.

Sjálf skipulagningin á náminu hefur að mörgu leyti verið góð en alltaf er þó eitthvað sem betur mætti fara. Við nemendur höfum tækifæri í lok hvers námskeiðs til að láta í ljós álit okkar á innihaldi, frammistöðu kennara og annað sem okkur er ofarlega í huga. Þetta gerum við óspart skrif-

lega eða munnlega. Oft virðist gagnrýni okkar vera tekin til greina og því sem miður fer er breytt fyrir næsta námskeið.

Það sem helst er í deigluinni í skólanum núna er nýtt námskerfi sem á að taka upp eins fljótt og auðið er. Þetta nýja kerfi kallast problem-baserad inlärning, skammstafað PBI. Það yrði of langt mál að útskýra svo vel ætti að vera hugmyndafræði og innihald þessa nýja kerfis.

Í stuttu máli má þó segja að með PBI sé horfið frá hinum hefðbundnu kennslustundum sem eru byggðar upp á fyrirlestrum. Þess í stað er nemendum ætlað að vinna saman í ákveðnum hópum. Hóparnir fá síðan verkefni sem þeim er ætlað að leysa undir handleiðslu kennara. Nemendum er heimilt að kalla inn fyrirlesara til skólans þegar þeir hafa náð það langt í að leysa verkefnið að þeir eru komnir með spurningar sem þeir finna ekki svör við.

Með öllum þessum breytingum verður innihald námsins, námsgreinar og tímalengd breytt að einhverju leyti. Mögulegt er einnig að námið lengist. Ekki er endanlega komið í ljós hvernig námið kemur til með að líta út þannig að hér rær fólk að mörgu leyti

á ókunn mið. Nokkra hjálp hafa þó þeir sem staðið hafa að undirbúningi þessum haft af reynslu kennara og nemenda í Jönköping þar sem PBI er þegar í notkun.

Það eru mjög mismunandi undirtektir í skólanum við þessu nýja kerfi. Gagnrýnin meðal nemenda hefur verið mikil og verður spennandi að fylgjast með hvernig til tekst þegar á hólminn er komið.

Í heild er ég mjög ánægð með náms-tímamann minn hér í Lundi og kveð ég Vardhögskolan í Lundi reynslunni ríkari.

Bestu kveðjur,
Kristín H. Siggeirsdóttir.

Stutt kveðja frá Árósum

Hér í Iðjubjáfaskólanum í Árósum erum við þrjár ungar og hressar íslenskar stúlkur við nám á sitthvora árinu.

Vorið 1989 var tekið upp nýtt kerfi, kennsluvika stytt og röð á þema endurskipulögð. Skólinn í Árósum var sá eini sem skipti yfir í þetta kerfi og gerir það hann sérstakann á sínu sviði.

Sigrún (á þriðja ári) er nú sem stendur nýbyrjuð í sex vikna verknámi í líkamlegri endurþjálfun(somatik). Að því loknu byrjar hún á lokaritgerð og útskrifast síðan í lok mars.

Gunnhildur (á öðru ári) er í fyrsta bekknum, sem fylgir nýja skipulaginu. Hún er um þessar mundir í geðfræðipema og fer út í tíu vikna verknám 3. desember á þessu ári.

Lilja (á fyrsta ári) er í svokölluðu primærkommune-þema og fer í tveggja vikna verknám í desember.

Við erum allar mjög ánægðar með skólann og höfum mikinn stuðning af hvor annarri. Skólinn leitast við að hafa námið mjög lifandi og fjölbreytt. Skólavikan er núna aðeins 25 tímar vegna peningasparnaðar og hefur námið þar af leiðandi færst meira heim á skrifborð. Kennslan fer mikið fram í formi hópvinnu og nokkur próf, t.d. anatomi, fara fram í hóp, við munnlega framlagningu fyrir framan allan bekkinn. Þetta hefur mælst vel fyrir og það er mikill styrkur í að hafa stuðning alls bekkjarins við bakið á sér. Einnig fáum við að kíkja á fög eins og t.d. smíðar, teikningu, ljósmyndun og margt fleira skemmtilegt.

Kær kveðja,
Sigrún, Gunnhildur og Lilja.

Jönköping 12/10 90

Kæru landar!

Ég sit hér í haustmyrkrinu og ætla að reyna að skrifa niður smá grein fyrir blaðið. Ég er á síðustu önn í mínu námi og klára 19. jan. 1991. Með náminu hef ég verið með sundnámskeið fyrir fötluð börn (spastisk). Þetta eru krakkar frá 2 ára og upp til 20 ára gömul. Sundkennslan er kennd út frá vissri aðferð sem er kölluð Halliwick og ætlunin er að kenna barninu að fljóta og að slappa af. Í vatninu eru einnig þjálfaðar upp vissar hreyfingar sem barnið ekki hefur farið í gegnum vegna fötlunar sinnar. Halliwick aðferðin leggur einnig áherslu á að barnið fái möguleika á því að losna úr hjólastólnum og að finna félagsleika í vatninu. Við erum með mikið af leikjum og söngvum sem

einnig tengjast þjálfunaraðferðum og er það mikilvægt að börnin geti einnig leikið sér í gegnum þjálfunina til þess að fá hana skemmtilegri.

Þessi aðferð hefur verið kennd mikið í Englandi og er að koma meir og meir hér í Svíþjóð. Eins og er hafa foreldrar barna drifið þetta áfram og styrkir hafa verið veittir frá Öryrkjafélagi fyrir þessi börn. Aðferðin geng-

ur mikið út á það að foreldrar, systkyni eða nátengdir eru með. Maður getur kennt bæði í köldu og heitu vatni, það fer eingöngu eftir því í hvoru barnið slappar best af.

Jæja, ég vona að þið getið gert ykkur nokkurn veginn í hugarlund í hverju þessi aðferð er fólgin.

Kærar kveðjur, nemi á kafi í námi
Lovísa Ólafsdóttir

NORDISK NYTT frá Íslandi

Gudrún Árnadóttir, arbetsterapeut, har föreläst i USA och Australien och presenterat sina studier och testbatteri för patienter med förvärvade hjärnskador. Studien kommer snart ut i bokform hos Mosby förlaget i USA och bär titeln **The brain and behaviour: Assessing cortical dysfunction through activities of daily living**. Den har redan rönt ett mycket stort intresse. Gudrun har fått flera inbjudningar att hålla föredrag bla. i de Skandinaviska länderna.

Sedan 1973 har man arbetat på att få till stånd arbetsterapeututbildning på Island. Det dröjde dock ända tills året 1988 att utbildningsministern bildade en arbetsgrupp som skulle i detalj undersöka och komma fram med förslag om hur utbildningen

skulle se ut. Arbetsgruppen har nu avslutat sitt arbete och har lämnat sina svar til utbildningsministeriet och Universitetsrådet. Där fastslår man att det är hög tid starta utbildningen i arbetsterapi vid Universitetet i Reykjavík. Modellen för den framtida utbildningen på Island är hämtad från Kanada och Nord Amerika. Den innebär 4 års utbildning som avslutas med BSc examen, eftersom den anses uppfylla de krav som ställs på akademisk utbildning på Universitetsnivå och ger också möjlighet till vidareutbildning till Mastersgrad. I skrivandets stund har inga formella beslut tagits men reaktionerna från myndigheternas sida har varit positiva. Men det råder knappast något tvivel om att utbildning kommer att startas inom en icke alltför avlägsen framtid.

Islands næst största TV bolag har erbjúðit sig att göra ett videoprogram om arbetsterapi og sjukgymnastik som ska användas i utbildnings och informationssyfte. Förberedelser har redan påbörjats.

Under våren fick vi besök av norska

arbetsterapeutelever från Tromsø och fick de bekanta sig med arbetsterapiverksamheten i Reykjavík under några dagar.

Arbetsterapeuterna
Rehabiliteringsavd.
Landsspítalinn Reykjavík

FRÉTTATILKYNNING

Mosby-Year Book útgáfufyrirtækið í Bandaríkjunum hefur nýlega gefið út bókina *"The Brain and Behavior: Assessing Cortical Dysfunction Through Activities of Daily Living"* eftir Guðrúnu Árnadóttur iðjubjálfa. Bókin er afrakstur fimm ára vinnu sem byrjaði sem mastersverkefni höfundar, er hún stundaði framhaldsnám við Suður Kaliforníu Háskóla í Bandaríkjunum 1985-1987.

Bókin er 322 síður með 108 myndum. Í fyrri hluta bókarinnar tengir Guðrún taugalíffærafræði, taugalífeðlisfræði og taugasálfræði við hugtök og aðferðir iðjubjálfunar s.s. framkvæmd athafna daglegs lífs (ADL) og athafnagreiningu. Í síðari hluta bókarinnar er handbók um matsaðferð sem Guðrún hefur þróað *"The Árnadóttir OT-ADL Neurobehavioral Evaluation (A-ONE)"*. Þessi matsaðferð er nýjung innan iðjubjálfunar. Með henni má greina sálræn einkenni af vefrænum toga hjá sjúklingi með skerta heilastarfsemi (eftir t.d. heilablóðfall, höfuðáverka eða heilarymnun) og hvaða áhrif þau hafa á

færni við athafnir daglegs lífs. Niðurstöður má nota við val á meðferð. Handbókin fjallar einnig um rannsóknir, framkvæmdar til að staðla matið og kanna gildi þess og áreiðanleika. Matið mun nýtast iðjubjálfum á tvennan hátt. Í fyrsta lagi við klíniska vinnu inni á sjúkrahúsum, og í öðru lagi lofar matið góðu sem rannsóknartæki.

Bókin er fyrst og fremst ætluð iðjubjálfum sem þjálfja sjúklinga með sálræn einkenni af vefrænum toga, og iðjubjálfum er leggja stund á framhaldsnám. Einnig er hugsanlegt að bókin komi að notum við kennslu á grunnnámi í iðjubjálfun.

Bókin hefur hlotið mikla athygli víða um heim. Guðrún hefur farið víða og kynnt þær kenningar sem bókin fjallar um og rannsóknir tengdar þeim, m.a. á heimsráðstefnu iðjubjálfa sem haldin var í Melbourne í Ástralíu s.l. vor, á Evrópuráðstefnu iðjubjálfa í Portúgal, 1988, og á ráðstefnum bandaríska iðjubjálfafélagsins í Phoenix, Arizona 1988 og í Baltimor, Maryland, 1989. Í

framhaldi af því hefur þess verið farið á leit við Guðrúnu að hún haldi námskeið fyrir iðjupjálfa í USA, Ástralíu, Breitlandi og á Norðurlöndunum og kenni þeim matsaðferðina. Einnig hafa iðjupjálfar í ofanefndum löndum sýnt áhuga á að nýta matið í rannsóknarskyni

Guðrún Árnadóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1974. Hún lauk Diploma prófi í iðjupjálfun við Manitoba háskóla í Kanada 1978 og Bachelor of Medical Rehabilitation (BMROT) gráðu við sama skóla. Á árunum 1985-1987 stundaði hún framhaldsnám við Suður Kaliforníu háskóla í Bandaríkjunum og lauk þaðan mastersprófi í iðjupjálfun 1987.

Guðrún hlaut ýmsa styrki og viðurkenningar í tengslum við mastersnámið. Má þar nefna styrki úr Fulbright sjóðnum og Thor Thors sjóðn

um, styrk frá námsmannafélaginu "The Phi Beta Kappa" í Suður Kaliforníu, námsstyrk frá Borgarspítalanum og starfsmenntunarsjóði Reykjavíkurborgar, viðurkenningu iðjupjálfafélags Kaliforníu fylkis 1986, og "The Elizabeth Yerxa Award" sem er æðsta viðurkenning í námi við iðjupjálfunardeild Suður Kaliforníu háskóla. Vísindasjóður Borgarspítalans og Vísindasjóður Íslands hafa styrkt þá rannsóknarvinnu sem tengist útgáfu bókarinnar. Guðrún starfar nú sem iðjupjálfi við endurhæfinga- og taugadeild (Grensásdeild) Borgarspítalans.


Guðrún Árnadóttir, "The Brain and Behavior: Assessing Cortical Dysfunction Through Activities of Daily Living", The C.V. Mosby Company, 1990. 322 bls.

Bókin er væntanleg í Bóksölu Stúdentta.

Iðjupjálfafélag Íslands.

The Brain and Behavior

Assessing Cortical Dysfunction
Through Activities of Daily Living



Guðrún Árnadóttir

FRÉTTIR frá vinnustöðum:

Landsspítalinn: Þórunn Þórarinsdóttir, iðjuþjálfari hóf störf á Endurhæfingardeild Landsspítalans 10. september s.l. Framkvæmdir við nýja Endurhæfingardeild við Landsspítalann miðar samkvæmt áætlun. Húsnæðið er nú tilbúið undir tréverk og verður tilbúið til notkunar 1. september 1991.

Gigtarstöðin: Sl. haust byrjuðum við iðjuþjálfar sem vinnum að meðferð gigtarsjúklinga að hittast á Gigtarstöðinni einu sinni í mánuði. Þetta er auk okkar hér á stöðinni, iðjuþjálfar frá Landsspítalanum, Grensásdeildinni og Reykjalundi. Markmiðið með þessum fundum er að samræma hina ýmsu þætti iðjuþjálfameðferðar gigtarsjúkra. Fundirnir hafa verið gagnlegir og hvetjandi og eru orðnir ómissandi hluti af starfi okkar.

Útgáfunefnd er starfrækt á vegum Gigtarfélags Íslands. Í henni eru: Helgi Jónsson læknir, Jakob Úlfarsson læknir, Þóra Árnadóttir hjúkrunarfræðingur og Unnur Alfreðsdóttir iðjuþjálfari. Svala Björgvinsdóttir félagsráðgjafi starfaði með nefndinni í vetur en flutti erlendis í sumar og er nú Margrét Garðarsdóttir sjúkrálfari komin í hennar stað. Fyrsti bæklingur nefndarinnar er komin út og heitir hann "Rauðir úlfar - fræðslurit

fyrir sjúklinga" og er þýðing Kristjáns Steinssonar læknis og Björns Guðbjörnssonar læknis á bæklingi Grahams R.V. Hughes, St. Thomas'Hospital, London. Bæklingurinn er upplýsingabæklingur upp á 48 bls. ætlaður bæði lærðum og leikum. Hægt er að fá bæklinginn á Gigtarstöðinni.

Undirbúningsvinna næsta bæklingis er á lokastigi. Hann heitir "Gigt og kynlíf" og er þýðing Þóru Árnadóttur hjúkrunarfræðings á danska bæklingnum Gigt og seksualitet sem Gigtforeningen gefur út. Þetta er upplýsingabæklingur ætlaður gigtarsjúklingum fyrst og fremst. Hann er 15 bls. og mikið myndskreyttur. Áætlað er að hann komi út um eða eftir áramót.

Á sl. vetri keyptum við sænska bók um iðjuþjálfun barna með iktisýki. Bókin heitir "Ledskydd och rehabilitering vid ledgangsreumatism hos barn och ungdom". Hún er skrifuð af Ullu Bellman iðjuþjálfara sem hefur starfað í fjölda ára með gigtveik börn. Bókin er ætluð til að nota við liðverndarfræðslu barna og forelda þeirra. Bókin er 63 bls. og mikið myndskreytt.

Reykjalundur: Þórhildur Sveinsdóttir hóf störf í september s.l.

LAUSAR STÖÐUR

Borgarspítalinn

1 afl.staða til hausts
2 stöður geðdeild
1 staða Arnarholt
1 staða dagdeild Eiríksg. (geðd.)

Breiðagerðisskóli

1 - 20% staða deildariðjuþj.

Dagvistun f. MS sjúkl. Álandi 13
hlutastarf

Meðferðarheimilið að Kleifarvegi

1 staða

Seljahlíð vistheimili f. aldraða

1 staða

Vinnu- og dvalarheimili**Sjálfshjálpar**

1 staða yfiriðjuþjálfar

Félagsmálastofnun

Áfangastaður, Norðurbrún 34, Rvk.

Kópavogshæli

2 stöður

Fjórðungsj.húsið Akureyri

1 staða Alm. deild
1/2 staða Öldrunardeild

Landsspítalinn

geðdeild: 4 stöður
öldrunardeild:
1 afl staða næstu 6 mán.

Reykjalundur

1 afl. staða

Greiningar- og ráðgjafastöð Ríkisins

1 staða

Tjaldanes

1/2 - 1 staða

Droplaugarstaðir

1 - 70% staða

Dalbraut

1 staða

Hrafnista

1 staða

Iðjulundur Akureyri

1 staða

Hjúkrunarheimilið Skjól

1 staða

Auk þess hefur Kristnesspítali sýnt áhuga á að fá iðjuþjálfar til starfa.

ORÐSENDING TIL FÉLAGSMANNA:

Það er erfitt fyrir okkur að fylgjast með félögum okkar. Þess vegna biðjum við ykkur að:

1. Tilkynna stjórn og ritnefnd breytt heimilisfang/vinnustað, eða leiðrétta það ef rangt er með farið í blaðinu.
2. Tilkynna okkur hvenær þið hyggist ljúka námi.
3. Senda okkur nöfn og heimilisföng nýrra nema, sem við höfum ekki frétt af.

ÞJÚPÞJÁLFAFAR Á ÍSLANDI í maí. 1989:

BORGARSPÍTALINN í Fossvogi, 108 Rvk. s. 696600

Þjúpþjálfun B-1 s. 696369

Erna Magnúsdóttir	Hraunbæ 138	s. 673101
	110 Reykjavík	
Guðrún Á. Einarsdóttir	Auðarstræti 3	s. 626408
	105 Reykjavík	
Lilja Ingvarsson	Spóahólar 10	s. 670580
	111 Reykjavík	
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir	Valhúsabraut 27	s. 611058
	170 Seltjarnarnes	

Endurhæfinga- og taugadeild Grensásdeild,
Grensásvegi 62, 108 Reykjavík s. 696712

Elsa S. Þorvaldsdóttir	Hjallabraut 41	s. 611782
	220 Hafnarfjörður	
Guðrún Árnadóttir	Hvassaleiti 30	s. 31086
	103 Reykjavík	
Lillý Sverrisdóttir	Ljósabergi 8	s. 52485
	220 Hafnarfjörður	
Unnur Jóhannesdóttir	Nóatúni 32	s. 11071
	105 Reykjavík	
Sigrún Garðarsdóttir	Hjarðarhaga 42	s. 13267
	107 Reykjavík	
Valborg Huld Kristjánsdóttir	Hraunteigur 17	s. 689082
	105 Reykjavík	

LANDSPÍTALINN

s. 601000

Geðdeild v/Eiríksgötu, 101 Reykjavík

s. 601791/601792

Elín Ebba Ásmundsdóttir	Laugavegi 53A 105 Reykjavík	s. 615683
Hlín Guðjónsdóttir	Háaleitisbraut 38 108 Reykjavík	s. 39234
Kristín Kristjánsdóttir	Hraunstíg 6 220 Hafnafjörður	s. 652552
Anna Valdimarsdóttir	Ugluhólum 10 111 Reykjavík	s. 678433
Maren Ósk Sveinbjörnsd.	Asparfelli 2 111 Reykjavík	s. 78824

Geðdeild v/Klepp, 104 Reykjavík

s. 602580/602581

Bára Sigurðardóttir	Veghúsastíg 1A 101 Reykjavík	s. 22037
Björk Steingrimsdóttir	Smyrlahraun 21 220 Hafnafjörður	s. 612348
Sylviane L. Pétursson	Marargötu 4 101 Reykjavík	s. 28594
Anna Guðrún Arnardóttir	Bræðraborgarstíg 1 101 Reykjavík	s. 612348
Soffía Haraldsdóttir	Sigluvogi 12 104 Reykjavík	s. 31794

Öldrunarlækningadeild, Hátún 10b, 105 Reykjavík

s. 602257

Birgit Schov	Ránargata 42, 3.h. 101 Reykjavík	s. 11424
Elsa Ingimarsdóttir	Logafold 47 112 Reykjavík	s. 675323
Rósa Hauksdóttir	Baldursgata 26 101 Reykjavík	s. 13001

Endurhæfingardeild v/Eiríksgötu, 101 Rvík.

s. 601427

Finnur Bárðarson	Barónstíg 63 101 Reykjavík	s. 624563
Ingibjörg Jónsdóttir	Álfatúni 7 200 Kópavogur	s. 43773
Anne Grethe Hansen	Arkarholt 10 270 Mosfellsbær	s. 667262
Þórunn Þórarinsdóttir	Baldursgötu 30 101 Reykjavík	

STYRK TARFÉL. LAMADRA OG FATLADRA s. 84999
Háaleitisbr.11-13. 108 Reykjavík

Anna S. Jónsdóttir	Austurbergi 14 111 Reykjavík	s. 76564
Gerður Gústavsdóttir	Gígjulundi 8 210 Garðabæ	s. 656711
Helga Guðjónsdóttir	Keilugranda 6 107 Reykjavík	s. 17036
Hrefna Óskarsdóttir	Njálsgötu 50 101 Reykjavík	s. 20987
Sólveig A. Karlsdóttir	Leifsgata 23 101 Reykjavík	s. 13625
Kristjana Ólafsdóttir	Ferjubakka 6 109 Reykjavík	s. 78346
Valrós Sigurbjörnsdóttir	Tómasarhaga 37 107 Reykjavík	s. 13738

VINNUHEIMILID AD REYKJALUNDI. 270 Mosfellsbær s. 666200/102

Guðrún Pálmadóttir	Áslandi 8 270 Mosfellsbær	s. 667117
Hildur Þráinsdóttir	Neðribraut 6 270 Mosfellsbær	s. 666200/170
Ingibjörg Pétursdóttir	Amsturdam 5 v/Reykjalund 270 Mosfellsbær	s. 666200/180
Kristjana Fenger	Starfsm.hús 4 v/Reykjalund 270 Mosfellsbær	s. 29715
Margrét Sigurðardóttir	Sæviðarsundi 52 104 Reykjavík	s. 39288
Sigríður Hermannsdóttir	Álfaskeið 117 220 Hafnarfjörður	s. 51265
Sigríður Jónsdóttir	Elfstasundi 81 104 Reykjavík	s. 35229
Þórhildur Sveinsdóttir	Eskihlíð 5 105 Reykjavík	

GIGTLÆKNINGASTÖÐ ÍSLANDS. Ármúla 5, 105 Rvk. s. 30760

Anna Sveinbjörnsdóttir	Bröttuhlíð 5 810 Hveragerði í Rvk.: Austurbrún 2 104 Reykjavík	s. 98/34255 s. 680849
Unnur Alfreðsdóttir	Vallagerði 14 200 Kópavogur	s. 41529

<u>GREININGAR OG RÁÐGJ.STÖÐ RÍK., Digranesv. 5, Kóp.</u>			<u>s. 641744</u>
Snæfríður Þ. Egilson	Laugateigi 46 105 Reykjavík	s. 32735	
<u>HJÁLPARTÆKJABANKINN, Hátún 12, 105 Rvk.</u>			<u>s. 623333</u>
Jóhanna Ingólfssdóttir	Hraunhólar 8 210 Garðabæ pósthólf 89	s. 50008	
<u>ÍÐJUFJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS</u>			
Hope Knútsson	Æsufelli 4, 2F 111 Reykjavík	s. 73734	
<u>HLÍÐASKÓLI, Hamrahlöð 2, 105 Rvk.</u>			<u>s. 25080</u>
Kristjana Ólafsdóttir	Ferjubakka 6 109 Reykjavík	s. 78346	
<u>MÚLABÆR, Ármúla 34, 108 Rvk.</u>			<u>s. 687122</u>
Peggy Helgason	Skildinganesi 22 101 Reykjavík	s. 623808	
<u>TRYGGINGASTOFNUN RÍKISINS, Laugav.114,105 Rvk.</u>			<u>s. 604400</u>
Björk Pálsdóttir	Logafold 105A 112 Reykjavík	s. 687468	
<u>ÖRVI, starfsþj.staður, Kársnesbraut 110, 200 Kóp.</u>			<u>s. 43277</u>
Hulda Birgisdóttir	Víðimel 31 107 Reykjavík	s. 622151	
<u>ÖSKJUHLÍÐARSKÓLI, Suðurhlöð 9, 105 Rvk.</u>			<u>s. 689740</u>
Katla Kristvinsdóttir	Melabraut 11 170 Seltjarnarnes	s. 612611	
<u>SJÚKRAHÚS AKRANES, Heiðarbr. 30, 300 Akranes</u>			<u>s. 93/12311</u>
Sigrún Ásmundsdóttir	Suðurgötu 78 300 Akranes	s. 93/12723	

SVÆÐISSTJ. UM MÁLEFNI FATLAÐRA, 550 Sauðárkr. s. 95/35002

Rögnvaldur Símonarson	Víðigrund 16. 550 Sauðárkrókur	s. 95/35759
-----------------------	-----------------------------------	-------------

ÞJÓNUSTUHÓPUR ALDRAÐRA, Dvalarheimilið Hlíð Akureyri s. 96/27930

Kristín Tómasdóttir	Hrafnagilsstræti 22 600 Akureyri	s. 96/27930
---------------------	-------------------------------------	-------------

FJÓRÐUNGSSJÚKRAHÚS AKUREYRAR 600 Akureyri s. 96/22100
Geðdeild

Kristín Sigursveinsdóttir	Hrafnagilsstræti 19 600 Akureyri	s. 96/26475
---------------------------	-------------------------------------	-------------

EKKI FASTRÁÐNIR IÐJUPJÁLFAR:

Elín Hannesdóttir	Víðihvammi 32	s. 641428
Elísabet Vernharðsdóttir	200 Kópavogur Furugrund 28	s. 41973
Guðrún Halsteinsdóttir	200 Kópavogur Funafold 22	s. 675328
Irene Jensen	112 Reykjavík Barónstíg 63	s. 624563
Jóna Kristófersdóttir	101 Reykjavík Kleppsvégi 120	s. 34227
Kolbrún Ragnarsdóttir	104 Reykjavík Menntask. Laugarvatni	s. 98/61129
Ólöf Leifsdóttir	840 Laugarvatn Kristnes 13, pósth. 460	s. 96/43928
Steinunn Jóhannsdóttir	602 Akureyri Kleppsvégi 26	s. 37585
	105 Reykjavík	

ÍSLENSKIR IÐJUPJÁLFAR ERLENDIS:

Anna Vilhjálmsdóttir	Grindtorpsvej 45, 5.hæð 1832 Täbee, <u>Sverige</u>
Annetta Ingimundardóttir	Dalslandsgade 8, J 506 2300 København S, <u>Danmark</u>

Ásta Guðjónsdóttir	210 Carrie Lane B 206, Redlands, CA. 92373, <u>U.S.A</u>
Bjargey Ingólfssdóttir	Overbergveien 20 1315 Nesøya, <u>Norge</u>
Edda Elíasdóttir	Enighedsvej 41 2920 Charlottenlund, <u>Danmark</u>
Guðbjörg D. Tryggvad.	Bellmansgade 8, 3th. 2100 København Ö, <u>Danmark</u>
Guðrún Ársælsdóttir	Irisvej 20 8722 Hedensted, <u>Danmark</u>
Guðrún Emilsdóttir	Smør-Annasgata 19 450-43 Smøgen, <u>Sverige</u>
Guðrún Kr. Guðfinnsdóttir	268 Walnutstreet, Brookline, MA. 02146, U.S.A.
Guðrún Stefánsdóttir	Getymolenert 6 2807 GE Gouda, <u>Holland</u>
Hallfríður Bjarnadóttir	Noregur
Hólmfríður Jónsdóttir	Herman Kragssveg 32/52 7035 Trondheim, <u>Norge</u>
Hrafnhildur Arnkelsdóttir	Fløytevejen 14A 22368 Lund, <u>Sverige</u>
Hrönn Guðmundsdóttir	1716 Alder Creek ct. San Jose, CA. 95148, <u>U.S.A.</u>
Jóhanna Erla Eiríksdóttir	Græshavevej 8 b 2730 Herlev, <u>Danmark</u>
Rannveig Baldursdóttir	Private Bag 4109 - Vineta 9000 Swakopmund <u>Nebraska Afrika</u>
Sigríður Loftsdóttir	Ormråkgatan 1 214 62 Malmø, <u>Sverige</u>
Sigríður Pétursdóttir	Sdr. Boulevard 76 mfth 4930 Marebol, <u>Danmark</u>
Sigríður Þorvaldsdóttir	Falkevej 8, 5400 Bogense, <u>Danmark</u>
Sigurður Sigurðsson	Møgeltøndergade 8, Vesterbro København, <u>Danmark</u>
Þóra Gestsdóttir	Græshavevej 8 b 2730 Herlev, <u>Danmark</u>
Þóra Leósdóttir	Valby Langgade 263 1 th. 2500 Valby, <u>Danmark</u>

ÍÐJUPJÁLFANEMAR:

Áætluð námslok 1991:

Jan. Kristín H. Siggeirsd.	Folkes Väg 4 244 00 Kävlinge, <u>Sverige</u>
Mars Sigrún Ólafsdóttir	Kaj Munksvej 52, 1 MF 8260 Viby J, <u>Danmark</u>
Júní Kolbrún Héðinsdóttir	Dalum Landbrugsskole, vær. 197 Odensevej 45, 5260 Odense S, <u>Danmark</u>
Lovísa Ólafsdóttir	Huluang 6C 56200 Norrahammar, <u>Sverige</u>

Áætluð námslok 1992:

Mars Snæfríð Egilson	Borgm. Jørgensensvej 7, lej. 55 9000 Aalborg, <u>Danmark</u>
Mars Gunnhildur Gíslad.	Skejbyvej 64 8200 Århus N, <u>Danmark</u>
Jan. Kristín G. Halldórsd.	Stipendiegrand 12A-207 90240 Umeå, <u>Sverige</u>
Des. Ragnheiður Harðard.	52 Edwards st. Brighton 5048 S.A., <u>Australia</u>

Áætluð námslok 1993:

Mars Oddrún Lilja Birgisd.	Stenaldervej 239, tv. 8220 Brabrand, <u>Danmark</u>
Apríl Sigríður Kristín Gíslad.	Dalslandsgade 8, G-709 2300 København, <u>Danmark</u>

DONJOY

hnéspelkur sem eiga engan sinn líka



Donjoy hnéspelkur með fjögurra punkta vogaraflsátaki og tvímiðja stillanlegum spelkulið skila undraverðum árangri við endurhæfingu fólks sem hefur slasast eða gengist undir uppskurð á hné.

Sérfræðingar í stoðtækjasmíði og íþróttalækningum hjá Donjoy stoðtækjasmíðjunni í Kaliforníu hafa hannað hnéspelkur þar sem hreyfing krafta í vogarstöng er notuð til þess að vinna gegn frumorsök þess að menn geta ekki reynt á, beygt eða rétt úr hnjálið án þess að eitthvað gangi úr skordum í hnénu. Fjórir átakspunktur í Donjoy hnéspelkunni vinna gegn því að sköflungurinn leiti fram á við og að sköflungshnúarnir hnækist til í legu sinni í hnjáliðnum. Í tvímiðja stillanlegum spelkulið er líkt eftir hreyfingum í hnjáliðnum sjálfum og sjúklingum gert kleift að beita fætinum að því marki sem talið er óhætt á meðan á endurhæfingu stendur. Donjoy hnéspelkurnar eru þannig ómetanlegt stoðtæki og henta afar vel við endurhæfingu þar sem lögd er áhersla á að sjúklingur hlífi ekki hnjáliðnum meira en brýn nauðsyn krefur.

Donjoy CE 2000 fjögurra punkta hnéspelkur eru sniðnar nákvæmlega fyrir sérhvern einstakling með fremri krossbandsáverka í hné. Hjá Össuri hf. er tekið nákvæmt mál af hnénu og það síðan sent til Donjoy stoðtækjasmíðjunnar í Kaliforníu þar sem hnéspelkurnar eru sérsmíðaðar.

Náðu skjótum árangri með Donjoy



ÖSSUR

Hverfisgötu 105
101 Reykjavík
Símar 20460,
621460



Hvernig gengur þér

*að gera það sem áður var auðvelt, svo sem
að fara í bað, klæðast, ganga, matast,
standa upp af salerninu?*

Ef þú átt í erfiðleikum

*með þessar athafnir, hafðu þá samband við
okkur í Hjálpartækjabankanum. Við munum
aðstoða þig við að velja réttu hjálpartækin.*

*Höfum ávallt fyrirbyggjandi fjölbreytt úrval
hjálpartækja.*

Sími (91)-623333.

